

Nd.

332. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum sínum og var hinn fyrri sameiginlegur með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Á þeim fundi voru mættir starfsmenn viðskiptaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar og gáfu þeir ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með frv. eins og það er komið frá Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Ólafur G. Einarsson,
form., frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lárus Jónsson,
fundaskr.

Lúðvík Jósepsson.

Tómas Árnason.

Þórarinn Þórarinsson.

Ey. Kon. Jónsson.